

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Gif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	322.55
2. 24×1 lb. blokkfryst	336.25
3. 24×450 gr. sérfryst	336.25
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst	336.25
5. 4×2.5 kg sérfryst	336.25
6. 2×5 kg sérfryst	336.25
7. 4×7 kg sérfryst	336.25
8. 1×25 lbs. sérfryst	336.25
9. 15×200 gr. sérfryst	341.90
10. Í saltlegi	322.55

Verðbil verður 2½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðist við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1976.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1976—1977.

	Bekkur									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
Móðurmál	10	10	10	9	9	8	6	5	5	72
Stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5	5	41
Danska				3	3	3	3	4	4	20
Enska						3	4	4	4	15
Íþróttir ¹⁾	2	2	2	2	3	3	3	3	3	23
Áttahagafræði	3	4	4							11
Kristinfræði			1	2	2	2	2			9
Saga, félagsfr. og landafr.				4	3	3	4	4		18
Líffr., eðlis- og efnafr.				2	3	3	4	4		16
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1		8
Mynd- og handmennt			3	4	4	4	4	4		23
Heimilisfræði ²⁾							1—4	0—4		1
Valgreinar ³⁾								3	12—16	15—19
	20	21	25	31	33	35	37	37	33—37	272—276
Kennarastundir til ráðst.	1	1	1	1	1	1	1	1		

Skýringar:

- 1) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.
- 2) Í 7. bekk er skylt að veita nemendum tilsögn í heimilisfræðum sem nemur 1 st. á viku að jafnaði. Heimilt er að halda námskeið í greininni umfram þetta í 7. og

8. bekk og má þá draga úr kennslu í öðrum greinum á meðan, eftir mati skólastjóra, en aukinn kostnaður sem hugsanlega hlýst af þessu fellur á viðkomandi sveitarfélag. Athygli skal vakin á að til þess að forðast aukin útgjöld af þessu, þarf að tilkynna þeim kennurum, sem eiga að minnka kennslu meðan á námskeiði stendur um þá ráðstöfun um leið og stundaskrár eru afhentar og draga úr greiðslum til þeirra sem þessu nemur. Þetta tekur aðeins til yfirvinnu og stundakennslu.

3) Um valgreinar í 8. bekk, sjá eftirfarandi ábendingar um valgreinar í 9. bekk. Valgreinar í 9. bekk skulu vera þessar:

a) Saga, félagsfræði og landafræði	4 stundir
b) Líffræði, eðlis- og efnafræði	4 —
c) Mynd- og handmennt	4 —
d) Aðrar greinar	8 —

Í flokknum aðrar greinar eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfraði,
heimilisfræði,
tækniteiknun,
saumar,
smíðar,
vefnaður.

Nánari upplýsingar um kennslu í þessum greinum fylgja námsskrá. Nemendur skulu velja annað hvort sögu, félagsfræði og landafræði 4 st. eða líffræði, eðlis- og efnafræði 4 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

Menntamálaráðuneytið, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um fólkvang við Álfaborg í Borgarfirði eystra, Norður-Múlasýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að friðlýsa Álfaborg í Borgarfirði eystra með nokkurri spildu umhverfis eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti. Hefur svæðið þannig verið fellt að skipulagi Bakkagerðiskaupsins og er friðað sem fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Takmörk fólkvangsins eru sem hér segir:

Mörk svæðisins mynda sexhyrning um Álfaborg og nær það frá aðalgötu um kaupsínið samkvæmt uppdrætti 465 metra til suðvesturs en er breiðast 265 metra (milli horna).